

Tilboð í útanhúsviðgerðir og málun.

Verkalýðsfélag Vestfirðinga óskar eftir tilboðum í útanhúsviðgerðir á húsi félagsins Pólgötu 2 á Ísafirði. Í tilboðinu skal eftirfarandi vera innifalið: múrviðgerðir á útveggjum, endurnýjun á þakrennum og niðurföllum, gler endurnýjað þar sem þörf er á ásamt glerlistum þá skal skipt um alla undirlista. Opnanleg fög, þéttikantar, lamir o.þ.h. verði yfirfarið og endurnýjað. Allir veggfletir ásamt, gluggum og öðrum timburflötum verði málaðir. Þá verði útidyrhurð endurnýjuð ásamt því að aðgengi fyrir fatlaða verði lagfært. Allir efnisþættir skulu einnig vera innifaldir í tilboðinu. Nánari upplýsingar um verkþætti er hægt að fá hjá skrifstofu félagsins. Framkvæmdum skal vera lokið eigi síðar en 1. ágúst 2010.

Nánari upplýsingar vegna tilboðs.

1. Útveggir: Öll laus múrhúðun og máling sem farin er að losna hreinsuð af veggflötum, köntum og gluggasýllum þannig að múrhúðun sem eftir er sé vel föst, hreinsað frá og gert við ryðgaða járnteina og sprungur í veggjum. Gaflveggur í norðaustur verði allur múrhúðaður á venjulegan hátt. Á gaflvegg sem snýr í suðvestur verði dregið þunnt lag af viðgerðarmúr til að loka vel núverandi múrhúðun. Áður en múrviðgerðir og múrhúðun veggja hefst verði allir veggir háþrýstipvegnir.
2. Þakrennur og þakniðurföll verði endurnýjuð.
3. Gler verði endurnýjað þar sem þess er þörf, í þeim tilfellum sem gler verður endurnýjað skal skipta um alla glerlista. Í öðrum gluggum skal skipta um alla undirlista.
4. Opnanleg fög verði yfirfarin, skipt um lamir og þéttikanta á þeim fögum sem þörf er á.
5. Þéttirngar milli hurða – gluggakarma og steins verði endirnýjaður.
6. Allir timburfletir og gluggar verði hreynsaðir og málaðir.
7. Steyptir útveggir, þakkantar og timburklæðningar verði málaðar.
8. Útidyrhurð verði endurnýjuð ásamt aðgengi fyrir fatlaða.
9. Allur efniskostnaður verði innifalinn í tilboði.